

Nd.

388. Frumvarp til laga

[194. mál]

um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysis-
tryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason, Guðmundur H. Garðarsson,
Sigurlaug Bjarnadóttir, Pétur Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Halldór Blöndal,
Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Ákvæði í 16. gr. g. 1. málsg. og í 18. gr. 2. málsg. skulu ekki skerða bótarétt
í forföllum vegna barnsburðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. skal einnig gilda um þær konur, sem synjað hefur verið um
fæðingarorlofsgreiðslur vegna þeirra aðstæðna, sem 1. gr. á við um.

Greinargerð.

Með lögum, sem tóku gildi 1. jan. 1976, var stigið stórt skref í áttina að afnámi
áratuga gamals misréttis milli kvenna á vinnumarkaðnum. Fram til þess tíma höfðu
þær konur, sem unnu hjá hinu opinbera, haft lögbundinn rétt til að halda launum
sínunum í þriggja mánaða barnsburðarfríi. Með hinum nýju lögum kvað Alþingi á
um tilsvarendi rétt handa konum, sem taka laun sín hjá öðrum vinnuveitendum
og eru í félögum innan vébanda Alþýðusambands Íslands.

Hin nýju lög mæltu svo fyrir, að Atvinnuleysistryggingasjóður stæði undir
þriggja mánaða launum til kvenna, sem forfölluðust frá vinnu vegna barnsburðar.
Skyldu greiðslurnar skv. lögnum vera í formi atvinnuleysisbóta. Heilbrigðis- og
tryggingaráðuneytið gaf út reglugerð skv. hinum nýju lögum. Gengið var út frá
því við setningu laganna sem og reglugerðarinnar, að bætur þessar greiddust eðli
sínu samkvæmt óháðar tekjum maka og óháðar bótum almannatrygginga.

Allt árið 1976 voru lögin framkvæmd samkvæmt þessum skilningi, en í janúar
s. l. gerði stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samþykkt, sem gekk þvert á þennan
skilning, og varð til þess, að nú hafa greiðslur til þessa hóps verið stöðvaðar. Þetta
hefur að vonum sætt megnri óánægju og hörðum mótmælum kvenna.

Flutningsmenn þessa frumvarps vilja láta leysa þennan vanda sem allra fyrst.
Telja þeir rétt að tekin verði af tvímæli með því að festa berum orðum í lög þá
framkvæmd, sem var á greiðslu fæðingarorlofs s. l. ár og var í samræmi við til-
gang laganna, sem Alþingi samþykkti um þetta efni vorið 1975.

Flutningsmenn fagna því, að ráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að gera
heildarendurskoðun á lögnum um atvinnuleysistryggingar. Þar er margra lagfær-
inga þörf. Ljóst er, að heildarendurskoðun verður flókið verk og tímafrekt. Það
eina atriði, sem þetta frumvarp fjallar um, þolir hins vegar ekki bið og er í raun
staðfesting á vilja Alþingis í þessu máli. Flutningsmenn vonast til að Alþingi veiti
þessu máli skjóta og greiða afgreiðslu.